

21. nóvember 1996

**REGLUR**  
um smíði báta styttri en 6 metrar.

Nr. 661

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um báta og önnur tæki styttri en 6 metrar að lengd, mælt milli stafna, sem notuð eru í atvinnuskyni á sjó, ám eða vötnum. Bátarnir og /eða tækin eru skilgreind í reglunum sem smábátar.

Með orðalaginu „notkun báta í atvinnuskyni“ er átt við báta sem skapa eigendum tekjur, til dæmis með notkun bátanna við fiskveiðar eða farþegaflutning eða vegna leigu á bátunum til almennings. „Vinnubátur“ er samheiti á bátum sem notaðir eru í atvinnuskyni.

Bátasmiðir, innflytjendur eða eigendur skemmtibáta geta fengið þá samþykktu, enda uppfylli bátarnir ákvæði reglna um skemmtibáta.

2. gr.

*Samþykki smábáta.*

Smábátar, sem notaðir eru í atvinnuskyni hér á landi, skulu samþykktir af Siglingastofnun Íslands og skráðir hjá skipaskráningardeild stofnunarinnar.

Smábátar skulu samþykktir af Siglingastofnun samkvæmt reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum, þó sbr. 2. gr. 3. mgr. Slöngur sem notaðar eru sem flotholt á smábáta skulu uppfylla ákvæði í viðauka 1 við reglur þessar.

Smábátar sem leigðir eru út til almennings til stuttra ferða á lygnu vatni í sjónmáli frá eftirlitsstöð bátaleigunnar eða notaðir til farþegaflutninga á ám undir stjórn leiðsögumanna, sbr. ákvæði í 7. gr. 1. mgr., skulu samþykktir sérstaklega með hliðsjón af þeim aðstæðum sem eru á þeim slóðum sem bátarnir verða notaðir. Þó skal hver smábátur búinn fullnægjandi flotholtum með tilliti til fjölda bátsverja.

3 gr.

*Skráning smábáta.*

Í skrá yfir smábáta skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar þó sbr. 3. gr. 3. mgr.:

- Smábátanúmer, sem er skráningarnúmer bátsins.
- Nafn og heimilisfang framleiðanda.
- Smíðanúmer og smíðaár
- Aðalmál (lengd, breidd, dýpt og brúttótonn).
- Nafn bátsins.
- Umdæmisbókstafir og tölur, ef báturinn er fiskibátur.
- Fullt nafn og heimilisfang eiganda.
- Skrásetningardagur og ár.

Heimilt er að strika út af skrá þá smábáta sem ekki eru skoðaðir samkvæmt ákvæðum í 6. gr. 1. mgr. í þrjú ár samfleytt. Við endurskráningu bátanna skal fara að sem við nýskráningu, þ.e. gengið skal úr skugga um að bátarnir uppfylli að öllu leyti ákvæði reglna.

Smábáta sem samþykktir eru til leigu eða farþegaflutninga á ám, sbr. ákvæði í 2. gr. 3. mgr., þarf ekki að skrá hvern og einn, heldur nægir að skrá bátsgerðina sem viðkomandi fyrirtæki hefur til leigu eða farþegaflutninga, enda beri fyrirtækið fulla ábyrgð á að ekki séu notaðir bátar af annarri gerð.

#### 4. gr.

##### *Merking smábáta.*

Smábátar, aðrir en þeir sem samþykktir eru samkvæmt gr. 2. gr. 3. mgr., skulu merktir með smíðanúmeri eða öðru númeri, sem Siglingastofnun tekur gilt. Þetta númer skal varanlega fest eða grópað í bol smábátsins samkvæmt ákvörðun Siglingastofnunar. Auk þess skulu viðkomandi smábátar vera merktir sem hér segir:

- Skráningarnúmeri á heppilegum stað á báðum hliðum.
- Nafni bátsins.
- Umdæmisbókstöfum og tölum, ef báturinn er fiskibátur.

Bókstafir og tölur skulu vera dökkir stafir á ljósum grunni eða ljósir stafir á dökku grunni og hæð stafanna ekki minni en 10 cm.

#### 5. gr.

##### *Öryggisbúnaður.*

Í smábátum skal vera eftirgreindur öryggisbúnaður, þó sbr. 5. gr. 2. mgr.:

- Bjargbelti fyrir alla um borð.
- Þrjú rauð handblys.
- Vatnshelt vasaljós.
- Sjúkrakassi.
- Legufæri, austurbúnaður og handslökkvitæki samkvæmt reglum um smíði og búnað báta með mesta lengd allt að 15 m.

Siglingastofnun kveður nánar á um öryggisbúnað vinnubáta með hliðsjón af farsviði þeirra, svo og ef bátarnir hafa leyfi til sjósóknar utan þess tíma sem tilgreindur er í 6. gr. 3. mgr. Skal þá tekið mið af reglum um björgunar- og öryggisbúnað báta lengri en 6 metrar

Allur laus búnaður skal vera í lokuðum hirslum eða umbúðum, sem eru fasttengdar bátnum.

#### 6. gr.

##### *Skoðun smábáta.*

Smábátar skulu skoðaðir eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ber eiganda að óska eftir skoðun hjá umdæmisstjórum Siglingastofnunar. Þó nægir að bolur báta úr plasti sé skoðaður annað hvert ár. Bátunum skal veitt skoðunarvottorð uppfylli þeir ákvæði reglna.

Siglingastofnun er heimilt að fella siglingaklúbbum, báttaleigum og þeim sem stunda farþegaflutninga og hafa starfsleyfi stofnunarinnar sbr. 7. gr. 1. mgr., eftirlit með eigin bátum, enda beri þeir þar með fulla ábyrgð á að reglum sé framfylgt.

Skoðunarvottorð skal aðeins gilda á tímabilinu 1. apríl til 30. september. Smábátar sem á að nota á takmörkuðu svæði. á fjörðum; flóum eða vötnum, eða við fiskveiðar eða fiskeldi nálægt ströndum landsins, geta þó fengið sérstakt leyfi til sjósóknar með takmarkað farsvið utan þess tímabils sem að framan greinir.

Siglingastofnun er heimilt að gera skyndiskoðanir á smábátum þeim sem þessar reglur fjalla um, hvar og hvenær sem hentugt þykir. Sé smábáti á einhvern hátt áfátt í gerð eða búnaði má fella skoðunarvottorð úr gildi. Ennfremur má fella úr gildi starfsleyfi siglingaklúbba, báttaleiga eða þeirra sem stunda farþegaflutning, ef í ljós kemur að þeir fari ekki í einu og öllu eftir settum reglum eða þeim skilyrðum sem starfsleyfið byggir á.

7. gr.

*Starfsleyfi.*

Siglingaklúbbar og bátaleigur, sem og þeir sem stunda farþegaflutninga á smábátum, skulu hafa til þess sérstakt starfsleyfi frá Siglingastofnun.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg á eyðublaði samkvæmt viðauka 2.

Starfsleyfi skal gefið út á nafn þess sem ábyrgur er fyrir starfsemi bátaklúbbsins/bátaleigunnar.

Starfsleyfi er háð því skilyrði að starfsemin sé rekin á grundvelli reglna um öryggi og umhverfisvernd á sjó og vötnum og í samráði við Siglingastofnun.

Með umsókn um starfsleyfi skuldbindur umsækjandi sig til

- að nota eingöngu báta sem viðurkenndir eru af Siglingastofnun til starfseminnar.
- að hafa yfir að ráða starfsmönnum sem viðurkenndir eru af Siglingastofnun sem leiðsögumenn eða leiðbeinendur.
- að hafa nákvæma áætlun um hvernig best má tryggja öryggi farþega og annarra sem nota báta umsækjandans og skal öryggisáætlunin vera samþykkt af Siglingastofnun.
- að kynna farþegum og öðrum sem nota báta umsækjandans öryggisáætlunina og undirbúa þá undir bátsferðina eins og kostur er.

Leiðsögumenn, leiðbeinendur og aðrir starfsmenn siglingaklúbba og bátaleiga, sem óska viðurkenningar Siglingastofnunar, skulu hafa þá þekkingu og þjálfun í meðferð báta, fyrstu hjálp og öðrum öryggisþáttum sem forstjóri Siglingastofnunar telur nauðsynlega með tilliti til viðkomandi starfsemi.

8. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993 með síðari breytingum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 357/1990 um sama efni og reglugerð um breytingu á reglum nr. 357/1990, nr. 380/1992.

*Samgönguráðuneytinu, 21. nóvember 1996.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Jón Birgir Jónsson.*

**VIÐAUKI I**  
**Siglingastofnun Íslands gerir eftirtaldar kröfur um slöngur**  
**sem notaðar eru sem flotholt á smábáta.**

**1. Efniskröfur og prófanir.**

1.1 Togþol.

1.1.1 Togþol og toglanging skal prófað sem hér greinir:

Prófunarstykki:	Breidd 50 mm
	Lengd 400-500 m
	Fjarlægð mill festinga á togprófunartæki 200 mmm
Toghraði:	50 mm/mín.
Fjöldi sýna:	5 stk. í uppstöðu (átt)
	5 stk. í ívags (átt)
Útreikningur:	Meðaltal á 5 prófunum í uppstöðu
	Meðaltal á 5 prófunum í ívafi

1.1.2. Kröfur til efnis í lofthólf og botn eru sem hér greinir:

Togþol 2200 N ~ 225 kp	í uppstöðu (átt)
Togþol 2200 N ~ 225 kp	í ívafs (átt)
Toglanging mest 35%	í uppstöðu
Toglanging mest 35%	í ívafi

1.2. Rifþol

1.2.1 Rifþol skal prófað samkvæmt þýskri aðferð:

Prófunarstykki:	Breidd 50 mm
	Lengd 100 mm
„Innskurður“:	55 mm upp í miðju skammhliðar
Fjöldi sýna:	5 stk. í uppstöðu
	5 stk. í ívaf
Toghraði:	100 mm/mín.
Prófun:	Í gegnum 10 þræði

1.2.2 Kröfur til efnis í lofthólf og botn eru sem hér greinir:

Rifþol lágmark:	220 N ~ 20 kp	í uppstöðu
Rifþol lágmark:	220 N ~ 20 kp	í ívafi
	180 N ~ 18 kp	lágmarksgildi fyrir veikasta þræð.

1.2.3 Viðloðun þéttiefnis við vefinn skal prófuð sem hér greinir:

Prófunarstykki:	Lengd 300 mm
	Breidd 25 ±0,5 mm
	Fjöldi 12 stk.
	Merkingar á annarri hliðinni.

Prófun:

Líming: Á prófunarstykkin er borin límrönd 25x150 mm þannig að á 6 stk af prufunum er borin límrönd á merktu hliðina og á hin 6 stk. á ómerktu hliðina. Stykkinn með límröndinni á merktu hliðunum límast saman og stykkinn með límröndunum á ómerktu hliðunum límast saman.

Límefni: Límið sem notað er skal vera sterkara en viðloðun þéttiefnisins við vefinn. Eftir herslu er þéttiefnið losað þar sem skil þéttiefnis og vefs eru og sýnin togprófuð.

Toghraði 100 mm/mín.

1.2.4 Kröfur til viðloðunar þéttiefnis við vefinn eru sem hér greinir:  
30 N/2,5 cm ~ 3 kp/2,5 á hvorri hlið efnisins.

1.3. Lofþéttleiki,

1.3.1 Lofþéttleiki (gljúpleiki) (porosity) fyrir efni í lofthólf skal prófaður sem hér segir

Prófunarstykki: Hringlaga og passandi fyrir prófunartæki  
Fjöldi prófana: 2 stk.  
Lofþrýstingur:  $2,5 \times 10^4 \text{ N/m} = g \text{ 2,5 m vatnssúlu á m}^2$   
Prófunartími: 5 mín.

1.3.2 Kröfur til lofþéttleika:

Ekkert loft má komast í gegnum efnið.

1.4. Þrýstiprófun.

1.4.1 Þrýstiprófun á efni í lofthólf og botn:

Prófunarstykki: Hringlaga með 12 cm þvermáli innan við festingar á prófunarhylki.  
Prófun: Lofþrýstingur  
Fjöldi prófana: 2 stk.  
Sprengiþrýstingur má ekki vera minni en  $1 \text{ MN/m}^2 = 10 \text{ bar}$ .

1.5. Kuldapól

1.5.1 Kuldapól efnis í lofthólf og botn.

Prófunarstykki: Breidd 50 mm  
Lengd ~ 100 mm  
Fjöldi prófana: 3 stk. í uppistöðu  
3 stk. í ívaf  
Hiti:  $-55^\circ$   
Geymslutími í frosti: 30 mínútur.  
Prófun: Efnið skal brjóta í  $180^\circ\text{C}$  á hvora hlið.  
Kröfur: Ekki mega sjást sprungur í efninu við 7xstækkun

1.6. Prófun á þoli efnis við að liggja í broti.

1.6.1 Efni í lofthólf og botn skal prófað sem hér greinir:

Prófunarstykki: Breidd 30-40 cm  
Lengd sem þurfa þykir  
Fjöldi prófana: 3 stk. í uppistöðu  
3 stk í ívafi  
Prófunartæki: Er lýst í DIN staðli 53359  
Hiti við prófun:  $20^\circ\text{C} \pm 2^\circ\text{C}$   
Brot: Sjá lýsingu á DIN staðli 53359 hluta A  
Fjöldi brota: 100.000

1.6.2 Kröfur: Ekki mega sjást rifur í efninu við 7xstækkun.

1.7. Aldursþol

1.7.1 Aldursþol á efni í lofthólf og botn skal prófað sem hér greinir:

Prófunarstykki með málunum 500 x 500 mm skal sett í stöðugan hita  $70^\circ\text{C} \pm 1^\circ\text{C}$  í 7 daga. Að því loknu skulu eftirtaldar prófanir gerðar:  
- Togprófun eins og lýst er í I.I. í þessum viðauka.

- Rifpolsprófun eins og lýst er í 1.2. í þessum viðauka.
- Prófun á loftþéttleika eins og lýst er í 1.3. í þessum viðauka.

1.7.2 Kröfur: Togþol og rifþol skal vera minnst 90% af gildunum fyrir hitaraun. Toglenging má mest vera 35%.

Ekkert loft má fara í gegnum efnið við prófun eins og lýst er í 1.3.

Í prófunarstykki má ekki merkja sprungur eða efnið virðast klístrað viðkomu.

## 1.8. Olíuþol

1.8.1 Þol efnis í lofthólf og botn skal prófað sem hér greinir:

Prófunarstykki:	Hæfileg í prófunartæki
Fjöldi prófana:	2 stk.
Prófunarhiti:	20°C ± 2°C
Gerðir olíu:	Jarðolía sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði: Anilinmark 12g°C ± 5°C Blossamark minnst 240°C Seigja 10-2S c St við 99°C

Eftirtalдар olíur er heimilt að nota:

- ASTM olía nr. 1
- ASTM olía nr. 5
- ISO olía nr. 1

Geymslutími í olíu 3 tímar á hvora hlið.

1.8.2 Kröfur: Efnið má ekki losna frá vefnum og yfirborð efnisins má ekki virðast klístrað eða feitt eftir meðferð.

## 1.9. Sjóþol

1.9.1 Þol gegn sjó á efni í lofthólf og botn skal prófað sem hér greinir:

Efninu skal sökkkt í „gervi sjó“ í sjö daga  
Prófunarhiti 20 ± 2°C.

1.9.2 Efnið má ekki losna frá vefnum og yfirborðið má ekki virðast rífið eða vera feitt viðkomu.

Engin mislitun er leyfileg.

## 1.10. Þol litar.

1.10.1 Litur á slöngum skal prófaður sem hér greinir

Prófunarstykkinn eru sett í xenonlýsingu í 40 tíma.

1.10.2 Krafa: Við samanburð á stykki, sem ekki hefur verið í ljósi má ekki sjást verulegur litamunur milli stykkja.

## 2. Gæðaeftirlit með límingum á slöngum. 2.1. Prófunaraðferðir og kröfur til líminga.

2.1.1 Af hverjum efnisstranga er notaður er í lofthólf skal skera út 10 rétthyrnda strimla í málunum 50x200 mm þar sem langhliðin er samhliða uppistöðunni. Annað yfirborðið meðhöndlast á sama hátt og gert er við samsetningu á slöngum og sett lím á 3/4 af yfirborðslínu en yfirborð, sem er 50x50 mm er ekki límborinn. Strimlarnir eru settir saman 2 og 2, þannig að úr verði 5 prufur er hafa málin 200x200 mm er enda í tveim ósamlímdum endum 50x50 mm. Prufustykki skulu látin harðna. Skrá skal niður dagsetningu og tíma. Við límingu og hörðnun skal fara eftir forskrift framleiðenda um blöndun og herðingu, þar með talin tími og hitastig til að ná fullri herslu.

2.1.2 Prófunaraðferð. Eftir að límið er fullharðnað skal fast setja ólímnda endana í togprófunar-tækið sem skal toga í endana með toghraðanum 20 mm/mín. Dagsetning og tími hverrar prófunar skal skráður ásamt þeim krafti er þurfi til að toga strimlana frá hvor öðrum.

2.1.3 Kröfur. Við togprófun samkvæmt 2.1.2 má togkrafturinn ekki vera minni en 60 N ~ 6,0 kp pr/50 mm.

## VIÐAUKI II

### Umsókn um starfsleyfi.

Ég undirritaður \_\_\_\_\_ sækir með umsókn þessari um leyfi til að annast:

leigu á smábátum til stuttra ferða sbr. Farsvið E, í sjónmáli frá eftirlitsstöð bátaleigunnar, á eftirgreindu svæði: \_\_\_\_\_

- leigu á smábátum til ferða sbr, farsvið \_\_\_\_ á eftirgreindu svæði: \_\_\_\_\_

- ferðir með farþega sbr. farsvið \_\_\_\_ á eftirgreindu svæði: \_\_\_\_\_

- aðra starfsemi en framan greinir. Hvaða starfsemi? \_\_\_\_\_

Sjá skilgreiningu á farsviði í viðauka III.

Ég undirritaður ábyrgist að nota eingöngu báta sem viðurkenndir eru af Siglingastofnun Íslands til starfseminnar og hafa við starfsemina menn með þekkingu og þjálfun eins og reglur mæla fyrir um og geri mér ljóst að samþykki Siglingastofnunar getur fallið úr gildi að öðrum kosti.

\_\_\_\_\_  
Staður og dagsetning

\_\_\_\_\_  
Undirskrift

## VIÐAUKI III

### Skilgreining á farsviði.

Smíði og búnaður báta með mestu lengd allt að 15 metrum miðast við farsvið sem skiptist í A, B, C, D og E.

A. **Úthaf:** Smíði og búnaður miðaður við langsiglingu við aðstæður þar sem vindhraði getur farið yfir 8 stig og ölduhæð yfir 4 metra án þess að báturinn þurfi aðstoð.

B3. **Fjarri ströndum:** Smíði og búnaður miðaður við siglingu fjarri ströndum, þar sem vindhraði getur náð 8 stigum og tilduhæð 4 metrum.

C. **Við strendur:** Smíði og búnaður miðaður við strandsiglingar á stórum flóum, við árósa, á vötnum og ám, þar sem vindhraði getur náð 6 stigum og ölduhæð 2 metrum.

D. **Í skjóli:** Smíði og búnaður miðaður við siglingu á litlum vötnum, ám og fljótum, þar sem vindhraði fer ekki yfir 4 stig og tilduhæð er hámark 0,5 metrar.

E. **Takmarkað:** Smíði og búnaður miðaður við siglingu í björtu á tímabilinu 1. apríl til 30. september á takmörkuðu svæði innan við 3 sjómílur frá landi og mest 5 sjómílur frá höfn eða bátalendingu, þar sem leita má vars eða lenda bátnum ef í nauðir rekur, eða á takmörkuðu svæði á ám og á vötnum. Sjósókn er miðuð við að vindhraði fari ekki yfir 3 stig og ölduhæð sé hámark 0,3 metrar.